



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps  
Miðvikudaginn 15. júní 2022, kl. 17.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt. Árný Huld Haraldsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 1 blaðsíða.

Árný Huld setti fundinn og bauð fólk velkomið á fyrsta fund nefndarinnar á kjörtímabilinu. Árný kannaði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboðið, engar athugasemdir voru gerðar. Þá spurði Árný eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá var gegnið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. Nefndin skiptir með sér verkum.

*Árný Huld Haraldsdóttir er kjörin formaður nefndarinnar, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir er kjörinn varaformaður nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 9. maí 2022.

Farið yfir fundargerðina.

#### 3. Ráðning skólastjóra Reykhólaskóla.

Tvær góðar umsóknir bárust.

*Menntamálanefnd leggur til við sveitarstjórn að Anna Margrét Tómasdóttir verði ráðin skólastjóri Reykhólaskóla, sameinaðan grunn- og leikskóla. Samþykkt samhljóða.*

### Önnur mál : ( ef einhver)

#### 1. Skóli í skýjunum, umsókn um nám fyrir tvo einstaklinga utan lögheimilissveitarfélags.

Lagðar eru fram tvær umsóknir um nám utan lögheimilissveitarfélags í Ásgarði skóla í skýjunum.

*Umsóknirnar samþykktar samhljóða.*

Fundi slitið kl. 18.59

Fundargerðin undirrituð rafrænt.